

Þriðjudaginn 28. mars 1995.

Nr. 192/1993.

Landsbanki Íslands

vegna Verðbréfavíðskipta Samvinnubankans

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar

(Atli Gíslason hrl.)

og gagnsök

og til réttargæslu

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og

sýslumanninum í Reykjavík

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1993, en gagnáfrýjandi með stefnu 22. júní sama ár.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 26. janúar 1993. Í þinghaldi 29. mars sama ár var eftirfarandi bókað: „Málið er nú endurupptekið, og lögðu talsmenn aðila það í dóm að nýju með vísan til 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.“ Dómur í málinu var kveðinn upp 6. apríl 1993. Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er tíu vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, sbr. dóma Hæstaréttar 6. febrúar 1995 í málunum nr. 384/1992, 9/1993, 104/1994 og síðari dóma um sama efni.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
